

VII. Hegningarákvæði.

15

11. marz

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að 400 krónum og rennur sektarféð í hafnarsjóð.

Með mál út af reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. apríl þ. á. og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. marz 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

16

13. marz

um

notkun Krossavíkur við Hellissand.

1. gr.

Skjólgarðurinn og Krossavíkin innan hans ásamt erfðafestulandi því, sem hreppsnefndin í Neshreppi utan Ennis hefir tekið á leigu hjá rikissjóði, er í umsjón hreppsnefndarinar. Ennfremur telst til Krossavíkur svæði það sem er innan línu, sem tekin er sjónhendingu frá svonefndum „Úrum“ á Sandi á „Reiðar“ á Brimnesi.

2. gr.

Bannað er að kasta fiskúrgangi innan skjólgarðsins. Í hvert skipti, sem aðgerð á fiski fer fram, skal flytja allan úrgang út fyrir skjólgarðinn eða á land upp í gryfjur, sem grafnar skulu þar sem hreppsnefnd leyfir.

Bannað er einnig að kasta út seglfestu eða bera steina ofan fyrir sjávarmál í vikinni. Akkeri eða aðra harða hluti má ekki láta liggja fyrir neðan stórstraumsflæðarmál. Enginn má grafa maðk til beitu eða gera neins konar gryfjur innan sömu takmarka.

3. gr.

Vélbátar, sem hafa aðsetur í vikinni eða leita þangað hafnar, skulu strax og inn er komið binda sig í báða stafna með járnkeðjum í festarhöld þau, sem í vikinni eru. Hver bátur skal skyldur að leggja þessar keðjur til sjálfur, og skulu þær teknar gildar af skoðunarmönnum Samábyrgðar Íslands. Hafi einhver bátur ekki keðjur, sem teknar eru gildar, skal hann strax útvega sér þær áður

16 en hann fær leyfi til að liggja í vikinni. Hver bátur skal hafa legupláss, þar sem
13. marz hafnarnefnd vísar til. Ætlazt er til, að stærstu bátarnir liggja fremst, en hinir minnstu innst.

4. gr.

Gjöld fyrir notkun vikurinnar eru þessi:

A. Bátagjald.

Vélbátar: Fyrir vetrarvertíð 12 kr. af rúmlest.

— Fyrir vorvertíð 10 kr. af rúmlest.

— Fyrir sumarvertíð 7 kr. af rúmlest.

— Fyrir haustvertíð 6 kr. af rúmlest.

Fyrir vélbát sem er allt árið 25 kr. af rúmlest.

Fyrir aðkomubáta í eitt skipti eða oftár, hafi báturinn ekki fast aðsetur, 3 krónur í hvert skipti að 8 rúmlesta stærð, en fyrir stærri báta 5 krónur.

Fyrir róðrabáta yfir hverja vertíð 15 krónur.

Fyrir uppskipunarbáta yfir árið 20 krónur.

Fyrir vélbáta, sem ekki eru í notkun og ekki greiða gjald samkvæmt fyrstödu:

Fyrir að leggja upp vélbát til aðgerðar 20 krónur.

Fyrir að geyma vélbát á þurru landi 20 krónur.

Bátagjöld þessi greiðast hvort heldur bátarnir nota vikina sjálfa eða hið annað hafnarsvæði, er greinir í 1. gr. reglugerðar þessarar.

B. Vörugjald.

Af vörum, sem fluttar eru í land í vikinni sjálfri eða skipað þaðan út, skal greiða gjald það sem hér segir:

1. Af salti kr. 1.50 af hverri smálest.

2. Af kolum kr. 1.50 af hverri smálest.

3. Af óverkuðum saltfiski kr. 1.50 af hverri smálest, hvort heldur fiskurinn er fluttur burt úr vikinni á sjó eða landi.

4. Af verkuðum saltfiski kr. 2.25 af hverri smálest.

5. Af oliutunnum, fisktunnum, síldartunnum og kjöttunnum 50 aurar af hverri tunnu.

6. Af trjávið og öðrum vörum, sem reiknast eftir rúmmáli, 5 aurar af hverju teningsfeti; minnsta gjald þó 30 aurar.

Af öllum öðrum vörum 30 aurar af hverjum 100 kg.

Af umhlöðnum vörum greiðist gjaldið aðeins einu sinni.

Póst og farþegaflutningur er undanþeginn gjaldi þessu.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd vörunnar með umbúðum. Brot úr gjaldeining telst sem heil gjaldeining. Gjaldið skal ákveðið eftir farmskrá skipta eða farmskírteinum, þegar um slík skjöl er að ræða, og er öllum

skipaafgreiðslumönnum skylt að láta hafnarnefnd í té eintak af öllum farm- 16
skráum yfir vörur, sem skipað er upp eða út í Krossavíkinni, innan sólarhrings 13. marz
eftir komu eða burtför skipsins.

Hafnarnefndin hefir haldsrétt á vörum þeim, sem greiða skal af vörugjald, unz gjaldið er greitt.

5. gr.

Hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis kýs 3 menn í hafnarnefnd til þriggja ára í senn, og skal einn þeirra jafnan vera hreppsnefndarmaður. Hafnarnefndin hefir umsjón með að reglugerð þessari sé hlýtt, og innheimtir eða sér um innheimtu á gjöldum til hafnarsjóðs, bæði bátagjaldi og vörugjaldi, og getur hafnarnefndin ráðið einn eða fleiri menn til að hafa innheimtuna á hendi gegn innheimtulaunum þeim er um semur. Hafnarnefndinni ber að sjá um reikningsskil fyrir tekjum og gjöldum hafnarsjóðs og stjórna sjóðnum með umsjón hreppsnefndar. Hafnarsjóðnum skal eingöngu varið til að standast kostnað af mannvirkjum, sem við höfnina eru eða verða gerð, viðhaldi þeirra og frekari umbótum. Hreppsnefndin veitir fé úr hafnarsjóði til verklegra framkvæmda eftir tillögum hafnarnefndar og ákveður, hvernig hafnarsjóðinn skuli ávaxta, enda ber hreppsnefndin ábyrgð á innstæðu hafnarsjóðs og reikningsskilum sjóðsins eins og öðrum eignum hreppsfélagsins. Fyrir 15. janúar ár hvert skal hafnarnefndin semja reikning yfir tekjur og útgjöld hafnarsjóðsins umliðið almanaksár og eignir og skuldir hafnarsjóðsins í árslokin, svo sem fyrirskipað er um sveitarsjóðsreikninga. Skulu reikningar hafnarsjóðs fylgja sveitarsjóðsreikningunum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

6. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

7. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 400 krónum, er renna í hafnarsjóð, og skal með mál út af brotum á reglugerð þessari farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er hérmeð sett samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917, til að öðlast gildi 15. marz 1930, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. marz 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.